




Reykjavík, 15. september 2026
USK26090055

Vogabyggð 1 – Göngustígar – umsókn um framkvæmdaleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2026 var lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu, dags. 3. september 2026, um framkvæmdaleyfi í Vogabyggð 1 vegna fullnaðarfrágangs yfirborðs á hlutasvæðum götu og göngusvæða í Drómundarvogi og göngustígs meðfram sjó og milli lóða ásamt fullnaðarfrágangi götu- og stíglýsingar, samkvæmt teikningasetti VSÓ ráðgjafar, dags. í júlí 2026



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir svæðið borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af íbúðarsvæði ÍB59 - Vogabyggð

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag Vogabyggðar 1, Gelgjutangi, samþykkt í borgarráði 28. september 2017 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Verkið felst í megindráttum í framkvæmdum á eftirfarandi framkvæmdarsvæðum.

- Fullnaðarfrágangi yfirborðs á hlutasvæðum götu og göngusvæða í Drómundarvogi
- Strandstígur meðfram sjó
- Göngustígar milli lóða.
- Fullnaðarfrágangi götu- og stíglýsingar.
- Leggja grjótnargarða.

Í áfanga 1 er undirbygging strandstígs unnin 2026 – yfirborðsfrágangur unnin vorið 2027. Í áfanga 2 er yfirborðsfrágangur unnin vorið 2027.

Áætlaður framkvæmdatími er frá 1. september 2026 til 15. júní 2027.

Áætlaður framkvæmdatími vegna vinnu við grjótnargarða verður unnin á tímabilinu 1. nóvember 2026 - 1. apríl 2027.



Reykjavík



Skýringamynd

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskilyrt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar. Um er að ræða lagningu á nýjum strandstíg auk gangstíga milli lóða og yfirborðsfrágang í milligörðum. Framkvæmdin breytir ásýnd umhverfisins og nær yfir nokkuð langt tímabil með tilheyrandi raski fyrir íbúa.

Framkvæmdaraðili skal fara eftir gildandi reglum og leiðbeiningum um vinnusvæði, merkingar, öryggisráðstafanir og umgengni á framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á að viðhalda öryggi á vinnusvæði og tryggja að aðgengi að nærliggjandi svæðum skerðist sem minnst á framkvæmdatíma. Framkvæmdaleyfishafi skal afla allra nauðsynlegra leyfa og eftir atvikum samráðs við viðeigandi rekstraraðila veitukerfa og aðra hagaðila áður en framkvæmdir hefjast. Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.



**Niðurstaða**

Fallist er á að veitt verði framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir
verkefnastjóri



Reykjavík